



Fjölbautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2017

## ÍÞRÓ3JF02 Jökla- og fjallgöngur

**Kennarar:** Ásdís Björg Ingvarsdóttir  
Sverrir Geir Ingibjartsson

ABI  
SGI

### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður gengið á Hámund, hæsta topp Eyjafjallajökuls (1666m). Gönguleiðin er nokkuð brött og krefjandi og krefst því úthalds og þolinmæði. Gangan tekur í heildina um 11-13 klst og eftir göngu er haldið heim. Dagsetning göngu er 25.-27. apríl, hvaða dagur verður fyrir valinu fer eftir veðri. Ætlast er til að nemendur fari í eina undirbúningsgöngu með kennurum áður. Einnig verður farið yfir hvaða útbúnað þarf að hafa með í göngu sem þessa.

**Undanfari:** ÍÞRÓ1PH03 og ÍÞRÓ2PL03

### Þekkingarviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hvernig skipuleggja eigi lengri gönguferðir m.t.t. ferðaáætlunar, gönguleiðar og þátttakenda.
- Hvaða útbúnaðar er þörf í lengri gönguferðum og mikilvægi þess að hafa réttan útbúnað.
- Að aðstæður geta breyst án mikils fyrirvara t.d. veður og þarf að hafa það í huga þegar ferð er skipulögð.
- Mikilvægi þess að geta unnið í hóp og farið eftir þörfum hópsins.

### Leikniviðmið

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að vera þátttakandi í krefjandi gönguferð sem reynir á úthald, styrk og andlegt þol.
- Samvinnu sem stuðlar að tillitsemi og hvatningu.

### Hæfniviðmið

Að þessum áfanga loknum skal nemandi geta nýtt sér þekkingu sína til að nýta náttúruna til líkamsræktar og hafa kunnáttu til að útbúa sig rétt fyrir krefjandi aðstæður.

## **Verkefnaskil**

Nemendur skili frásögn um ferðina þar sem þeir fjalla um sína upplifun af göngunni. Þessu verkefni á að skila í síðasta lagi 7. maí.

**EF VERKEFNUM ER EKKI SKILAÐ Á RÉTTUM TÍMA FÆR NEMANDI  
0 FYRIR VERKEFNIÐ.**

---

<b>Námsmat</b>	1. Undirbúningsganga	10%
	2. Ganga á Eyjafjallajökul	50%
	3. Þrautsegja, þolinmæði, samstaða o.fl	30%
	4. Verkefni	10%.

---

## **ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG KENNSLU Á ÖNNINNI.**

**Einn tími verður bóklegur í upphafi annar. Mæting miðvikudaginn 11. janúar kl. 10:25 í stofu 1 í lðu.**

Undirbúningsganga á Ingólfssfjall verður farin miðvikudaginn 5. apríl kl. 16:00.  
Undirbúningsfundur fyrir gönguna verður miðvikudaginn 19. apríl kl. 10:25.  
Eyjafjallajökull, lagt af stað með rútu snemma morguns. Gengið upp á topp og sömu leið niður. Kostnaður: rúta og leiga á jöklabúnaði (fyrir þá sem ekki eiga) er 9000.-  
Greiða þarf þetta gjald til Ásdísar eða Sverris í síðasta lagi fimmtudaginn 2. febrúar.

**Kenndluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar**